Skalli ályktanir til aðalfundar LS 2014.

1. Línuívilnun

Skorar á stjórnvöld að standa vörðu um línuívilnun og hún nái til allra dagróðrabáta

2. Byggðakvóti

Aðalfundur Skalla skorar á stjórnvöld að breyta fyrirkomulag byggðakvóta þannig að hann verði eingöngu nýttur af dagróðrabátum.
Veiðiheimildum úthlutað til byggðarlaga eftir sama hætti og verið hefur. Þess skuli gætt að ekkert skip fái byggðakvóta sem hafi leigt meira frá sér heldur en það hefur tekið til sín miðað við síðast fiskveiðiár.

3. Strandveiðar

Aðalfundur Skalla hvetur stjórnvöld að auka við aflaviðmiðun strandveiða í samræmi við aukinn þorskkvóta. Mikilvægt er að viðhalda þeim reglum sem verið hafa um strandveiðar þar sem heildaraflaviðmiðun verði rýmkuð svo ekki komi til stöðvunar eftir nokkra daga veiði.
Með heimild til að nýta fasta veiðidaga (mánudagur – fimmtudagur) í hverjum mánuði mundi heildarafli aukast lítillega en ávinningur yrði mikill er varðar jafnari dreifingu aflans innan hvers mánaðar.

Heimilt er að fara eina veiðiferð innan hvers sólarhrings

4. Makrílveiðar

Aðalfundur Skalla skorar á stjórnvöld að aflétta öllum veiðitakmörkunum af færaveiðum smábáta á makríl.

5. Grásleppumál

Aðalfundur Skalla hvetur til að fjöldi veiðidaga taki mið af markaðsaðstæðum. Skalli hafnar þeirri aðferðarfræði sem Hafrannsóknastofnun beitir við stofnstærðarmælingu á grásleppu.

6. Veiðigjöld

Aðalfundur Skalla lýsir vonbrigðum yfir að ekki hafi verið tekið tillit til sjónarmiða LS við breytingar á lögum um veiðigjöld.

7. Fljótagrunn

Aðalfundur Skalla skorar á atvinnuvega og nýsköpunarráðherra að fella úr gildi reglugerð nr. 742/ 2009 um friðað hólf á Fljótagrunni.

Úttekt

Skalli samþykir að óska eftir því að L.S. gangist fyrir því að gerð verði úttekt á því hvaða áhrif það hafi á útgerð smábáta á landinu og þar á meðal hinar ýmsu smærri sjávarbyggðir þær breytingar sem gerðar voru á stærðarmörkum smábáta í 30 tonn.

Samþykkt á aðalfundi 19.09.2014
Sverrir Sveinsson formaður